



Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

Fundur nr. 14 Dags. 11.01.2023

Fundarstaður: Fjarfundur með TEAMs, kl 15:00.

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir (mætti á fund kl. 15:14) og Ásdís Helga Bjarnadóttir starfsmaður sjóðsins.

Dagskrá

1. Erindi frá styrkþega til stjórnar.
2. Staða sjóðsins gagnvart úthlutunum og úthlutunarupphæð 2023.
3. Utanumhald og umsýsla sjóðsins.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. Erindi frá styrkþega til stjórnar.

Um fjöllum um erindið sem áður hafði verið sent út til stjórnarmanna. Óskað er eftir frekari rökstuðningi.

2. Staða sjóðsins gagnvart úthlutunum og úthlutunarupphæð 2023.

Starfsmaður sjóðsins fór yfir stöðu fjármuna í tengslum við úthlutanir hvers árs, þ.e. veitt vilyrði, útgreidda styrki, skil á styrkjum og því sem enn er ógreitt og tengist lokaskilum verkefna.

Mikil umræða um stöðu sjóðsins og mögulegar úthlutunaupphæða miðað við þá upphæð sem til staðar er í sjóðnum.

Stjórn samþykkir að endurskoða fyrri ákvörðun sína, sbr. síðasta stjórnarfund hvað varðar heildar úthlutunarupphæð ársins, sjá næsta lið.

3. Utanumhald og umsýsla sjóðsins.

Óskað var eftir tilboðum um vistun og umsýslu sjóðsins. Tilboðin skoðuð og rædd.

Stjórnin samþykkir að taka tilboði Austurbrúar ses. Formanni falið að ganga frá samningi þar um.

Í ljósi kostnaðar við umsýslu sjóðsins og 10 gr. Skipulagsskrár sjóðsins „Heildarfjárhæð styrkja hvers árs skal vera sem jöfnust og skulu styrkir hvers árs ekki vera hærrí en sem nemur 25% af höfuðstól sjóðsins eins og hann stóð í lok síðasta árs fyrir úthlutunarár“ samþykkir stjórn að vinna að því að leggja niður sjóðinn og stefna á eina úthlutun, lokaúthlutun, árið 2023. Það er einkum til að geta veitt hlutfallslega hærrí styrki og veglegri en ella.

Áætlað er að næsti stjórnarfundur verði í byrjun febrúar.

Fundi slitið 17:33 – ÁHBj ritaði

Undirritun fundargerðar



FÖGUR FRAMTÍÐ Í
FLJÓTSDAL